

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1158  
komudagur 26.2.2004

**SUNN** Samtök um  
náttúruvernd  
á Norðurlandi

Umsögn til Alþingis um náttúruverndaráætlun

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, fagna gerð náttúruverndaráætlunar sem lögð er fram á Alþingi sem þingsályktunartillaga. Fram hefur farið vönduð undirbúningsvinna sem lýst er í greinargerð með tillögunni.


SUNN lýsa yfir ánægju sinni með þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við undirbúning, þ.e. úttektir Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Mikilvægt er að skilgreina þau svæði sem uppfylla náttúrufarslegar kröfur til verndar og fylgja eftir þeim alþjóðlegu náttúruverndarskuldbindingum sem Íslendingar eru aðilar að. SUNN vilja þó undirstrika að hér eru aðeins stigin fyrstu skrefin, eins og kemur fram í greinargerð með ályktuninni. Þá virðist af þeim upplýsingum sem SUNN hafa aflað sér meðal almennings á Norðurlandi vera mikilvægt að sérfræðingum Umhverfisstofnunar verði falið að hafa nánara samráð við eigendur jarða og almenning í dreifbýli áður en lagðar eru fram framtillögur. Þetta er ekki nefnt til að kasta rýrð á vísindalegar úttektir UST eða Náttúrufræðistofnunar, þvert á móti, heldur benda á að framtillögunar virðast hafa vakið óþarfan ugg hjá einhverjum.

SUNN fagna ekki síst hugmyndum um stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og benda á að mikilvægt er að tengja náttúruverndaráætlun við vinnu nefndar um verndarsvæði norðan Vatnajökuls.

SUNN telja að e.t.v. sé stigið full varlega til jarðar um þann fjölda svæða sem á að friðlýsa samkvæmt áætluninni. SUNN telja því rétt að frá áætluninni sé þannig gengið að unnt sé að bæta svæðum við hana án þess að biða til 2008. Þetta gildir t.d. um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til ósa og fram í sjó.

Samþ. í stjórn SUNN 24. febrúar 2004

Afrit send sveitarstjórnnum á Norðurlandi, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, umhverfisráðuneyti, Náttúrufræðistofnun o.fl. aðilum



F.h. SUNN, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður,  
Drekagili 5, 603 Ak., s. 462 1694, 869 4217 <ingo@ismennt.is>